

AUGLÝSING

um skrá Grundar, dvalar- og hjúkrunarheimilis skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Sjúkraliðafélag Íslands, Lyfjafræðingafélag Íslands, Læknafélag Íslands og Starfsmannafélag ríkisstofnana hafa gert með sér samning samkvæmt lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skrá yfir þá sem falla undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Hjúkrunarforstjóri	1,0 staða	Lyfjatæknir	1,0 staða
Hjúkrunarfr. næturvaktir	1,4 stöður	Læknir	1,0 staða
Lyfjafræðingur	0,25 stöður		

Hjúkrunardeildir.

Á hjúkrunardeildum eru aldraðir sjúklingar í langtímadvöl, Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili er heimili þeirra og verða þeir ekki útskrifaðir annað.

Hjúkrunardeildir A-2, A-3, V-3A, V-3B, V-4

Einn hjúkrunarfræðingur á vakt á hverri deild á morgun- og kvöldvöktum.

Einn sjúkraliði á vakt á hverri deild á morgun- og kvöldvöktum.

Hjúkrunardeildir V-2 Fjöldi heimilismanna 35

Einn hjúkrunarfræðingur á vakt á morgun- og kvöldvöktum.

Þrír sjúkraliðar á vakt á morgun- og kvöldvöktum.

Dvalardeildir.

Á dvalardeildum eru aldraðir heimilismenn í langtímadvöl og er Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili því heimili þeirra og verða ekki útskrifaðir annað.

Dvalardeild A-1

Einn hjúkrunarfræðingur á vakt á morgunvöktum.

Einn sjúkraliði á morgun- og kvöldvakt.

Dvalardeild MG/LG - fjöldi heimilismanna 68

Einn hjúkrunarfræðingur á morgunvakt.

Ræstingadeild

Ræstingastjóri 1,0 staða

Aðalborðsalur

Verkstjóri 1,0 staða

Eldhús

Yfirmatreiðslumaður 1,0 staða

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Reykjavík, 19. janúar 2005.

Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili,

Guðrún B. Gísladóttir forstjóri.